

Alþingi
Erindi nr. P 130 / 783
komudagur 20. 1. 2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917


SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak (342. mál) og frv. til l. um br. á l. nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki (343. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp. Verslunarráð telur það afar jákvætt að einkaréttur ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki verði felldur niður. Samkvæmt frumvarpinu mun ÁTVR tryggja merkingar tóbaks og álagningu tóbaksgjalds þar sem að allt innflutt tóbak verður fært til ÁTVR. Tryggja má tekjur ríkissjóðs og öruggar merkingar með öðrum hætti. Ríkið getur lagt á og innheimt tóbaksgjöld í tollafgreiðslu. Jafnframt getur ríkið skyldað innflutningsaðila til að merkja vörur sínar á fullnægjandi hátt og haft eftirlit með því. Því hefði mátt ganga lengra í þessu frumvarpi með því að leggja niður heildsölubátt ÁTVR. Verslunarráð hefur lengi barist fyrir því að ÁTVR verði lagt niður og áfengis- og tóbakssala alfarið færð í hendur einkaaðila. Verslunarráð fagnar þeim megin breytingum sem frumvarpið boðar en telur að ganga hefði mátt lengra. Leggst ráðið því ekki gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigprúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is